



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 20. júlí 2007
Tilvísun: UST20070500054/sf

Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frístundabyggð í landi Höfða

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu, sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 8. maí sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Höfða.

Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir að samtals um 160 ha svæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði verði tekið undir frístundabyggð. Annars vegar er um að ræða 60 ha svæði nyrst á jörðinni og hins vegar 100 ha svæði syðst. Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að landið er mólendi og hallar til austurs.

Nyrðra svæðið þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð er að hluta til innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, svæði nr. 763, Hrosshagavík. Svæðið er á náttúruminjaskrá þar sem um er að ræða votlendi með miklu fuglalífi, sbr. eftirfarandi lýsingu á svæðinu í skránni:

Hrosshagavík, Biskupstungnahreppi, Árnassýslu. (1) Hrosshagavík og mýrlendi sunnan Reykjavalla. (2) Votlendi með miklu fuglalífi.

Svæðið er skilgreint sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2002.


Sunnan og suðvestan við Hrosshagavík, utan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá, er einnig votlendi og jafnframt eru votlendissvæði innan syðra svæðisins þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð samkvæmt skipulagstillögunni. Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*) og í áherslum stjórnvalda á næstu árum (*Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslu 2006-2009*) er einnig lögð áhersla á verndun og endurheimt votlendis.


Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að gera ráð fyrir frístundabyggð innan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá og skilgreint er í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps sem hverfisverndarsvæði. Einnig telur stofnunin að afmarka eigi nyrðra svæðið þannig að ekki raskist votlendi við Hrosshagavík. Þá telur stofnunin að hlífa eigi votlendi á syðra svæðinu

við raski og afmarka svæðið þannig að stærstu votlendissvæðin verði ekki innan þess. Við deiliskipulag svæðisins þyrfti að skipuleggja svæðið m.t.t. þess að votlendisblettum verði ekki raskað.

Umhverfisstofnun telur því að endurskoða eigi afmörkun svæða fyrir frístundabyggð í framangreindri skipulagstillögu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að svæði nr. 763 virðist ekki vera rétt afmarkað á staðfestum aðalskipulagsupprætti, þ.e. samkvæmt náttúruminjaskrá nær það ekki jafn langt til austurs og suðurs á móts við Tunguey og sýnt er á aðalskipulaginu.

Virðingarfyllst

Sigurrós Friðriksdóttir
staðgengill forstöðumanns


Ólafur A. Jónsson
sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun.